

Fundargerð 305. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps

miðvikudaginn 12. maí 2010, kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Mariútröð 5a, Reykhólum.

Fundargerðin rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíða að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Sveinn Ragnarsson, Rebekka Eiríksdóttir, Karl Kristjánsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Gústaf Jökull bauð menn velkomna og setti fund.

**Dagskrá:**

**Fundargerðir:**

1. Fundargerð hreppsnefndar 12. apríl 2010. Á fundinum var land það sem Reykhólahreppur er að kaupa af ríkinu sagt vera 103, 6 ha, en stærðin verður 113,29 ha. Annað samþykkt óbreytt.
2. Fundargerð brunamála- og almannavarnarnefndar 4. maí 2010. Fundargerðin samþykkt með þeirri breytingu að frestur til að ljúka tankbíl færður til 1. september 2010. Egill sat hjá við afgreiðsluna.

**Mál til afgreiðslu:**

1. **1005011** Ársreikningur 2009, fyrri umræða. Ársreikningurinn ræddur og vísað til annarrar umræðu.
2. **1005012** Þriggja ára áætlun 2011-2013. Áætlunin samþykkt.
3. **0912005** Bréf dags. 23. apríl s.l. frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga með tillögum starfshóps FV um tilfutning á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Þar sem ekki hafa borist svör frá SSV varðandi hugsanlega aðild Reykhólahrepps að málefnum fatlaðra með þeim er samþykkt að taka áfram þátt í starfshópi og ráðningu verkefnastjóra með sveitarfélögum á Vestfjörðum.
4. **1004026** Bréf dags. 23. apríl s.l. frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga með menningarsamningi ríkis og sveitarfélaga fyrir árið 2010 og samningi sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál. Tillaga að fjárhagsáætlun 2010 fyrir Menningarráð Vestfjarða fylgir einnig. Samningarnir samþykktir og einnig fjárhagsáætlunin.
5. **1005006** Bréf dags. 4. maí s.l. frá Lögmönnum Thorsplani f.h. Steinars Pálmasonar um innheimtu lóðarleigu vegna Álftalands. Samþykkt að ganga til samninga um nýjan lóðarleigusamning við Álftarland ehf um allt að 3.000 m<sup>2</sup> lóð.
6. **1005001** Bréf dags. 28. apríl s.l. frá Lögmönnum Thorsplani f.h. Steinars Pálmasonar varðandi byggingarleyfi vegna Mariútraðar 9, Reykhólum. (Dæluhús Orkubús Vestfj.) Sveitarstjóra og byggingafulltrúa falið að svara erindinu.
7. **0901028** Bréf dags. 5. maí s.l. frá Sjávarútvegs- og landbúnaðaráðuneytinu með ósk um umsögn/samþykki sveitarstjórnar vegna fyrirhugaðra landskipta út úr landi Reykhóla, landnr. 139639. Landskiptin samþykkt.
8. **1005004** Bréf dags. 29. apríl s.l. frá S.Á.Á. með ósk um styrk vegna Álfsins. Erindinu hafnað.

### Mál til kynningar:

1. **1004028** Bréf dags. 20. apríl s.l. frá Velferðarvaktinni, Félags- og tryggingamálaráðuneyti með hvatningu til sveitarstjórna og barnaverndarnefnda til að beita sér fyrir aukinni umræðu um fjölbreytileg úrræði til að koma til móts við þarfir barna og barnafjölskyldna. Kynnt.
2. **1004016** Ályktun, móttokin 15. apríl s.l., frá stjórn Lögreglufélags Vesturlands um stöðu kjarasamninga og hvatningu til sveitarfélaga á Vesturlandi og Vestfjörðum til að beita sér fyrir óbreyttum fjölda lögreglumanna og starfsstöðva. Kynnt.
3. **1004018** Bréf dags. 20. apríl s.l. frá UMFÍ með ályktun frá ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði sem haldin var á Laugum í apríl s.l. Kynnt.
4. **1005009** Bréf dags. 6. maí s.l. frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands um styrktarsjóð EBÍ. Kynnt.

### Önnur mál:

1. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar 10. maí 2010. Liður 1 samþykktur, liður 2 samþykktur. Önnur mál: Liður 1, samþykktur. Liður 2 samþykktur. Liður 3 samþykktur. Liður 4 kynntur. Liður 5 samþykktur.
2. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 11. maí 2010. Samþykkt.
3. Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 16. febrúar 2010. Samþykkt.
4. Bréf dags. í dag, 12. maí frá Orkubúi Vestfjarða með ósk um leyfi til að endurbæta frágang umhverfis hitaveituholur við Maríutröð á Reykhólum. Erindið samþykkt. Sveitarstjóra falið að afgeiða málið.
5. Bréf dags. 10 maí s.l. frá Hólakaupum ehf með ósk um viðhald á Hellisbraut 72. Sveitarstjóra og Agli falið að kanna kostnað. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 20:15.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)